

GJALDSKRÁ

skipulagssviðs Kjósarhrepps vegna skipulagamála, lóðamála og framkvæmdaleyfa.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskráin gildir fyrir skipulagsmál og lóðamál ásamt þjónustu sem skipulagsfulltrúi og starfsmenn skipulagssviðs sinna í Kjósarhreppi.

2. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

Skipulagsnefnd og/eða sveitarstjórn sveitarfélagsins getur þó ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Gjaldskráin sýnir viðmiðunargjald miðað við hefðbundinn tíma og kostnað einstakra mála. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, áskilur skipulagssvið sér rétt til að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 21.790 kr./klst., eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyprar vinnu embættisins.

Ef nýtt deiliskipulag eða verulegar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi kalla á breytingar á gildandi aðalskipulagi og/eða öðrum deiliskipulagsuppdráttum áskilur skipulagssvið Kjósarhrepps sér jafnframt rétt til að innheimta tímagjald skipulagsfulltrúa, 21.790 kr./klst., eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyprar vinnu embættisins.

3. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um skipulagsbreytingar, lóðamál eða framkvæmdaleyfi. Afgreiðslugjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði skipulagssviðs Kjósarhrepps við móttöku og yfirferð erindis sem lagt er fram til afgreiðslu á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa eða fundi skipulagsnefndar. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræf þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna skipulagsfulltrúa/skipulagsnefndar hefur átt sér stað og málið tekið fyrir á fundi.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður skipulagssviðs Kjósarhrepps við undirbúning og umsýslu erindis til kynningar og/eða auglýsingar.

4. gr.

Innheimta gjalda.

Skipulagssvið Kjósarhrepps skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd sveitarfélagsins.

Innheimta skal afgreiðslugjald þegar umsókn er lögð fram vegna erindis um breytingu á aðalskipulagi, erindis um nýtt deiliskipulag, verulegar eða óverulegar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi, erindis um lóðamál og erindi um framkvæmdaleyfi. Gjaldskráin tekur mið af því að afgreiðslugjald sé hluti af heildarkostnaði málsmeðferðar. Sé þörf á að vinna nýja skipulagsáætlun eða breytingar á fyrirliggjandi skipulagsáætlun vegna

leyfisskyldra framkvæmda innheimtir skipulagsfulltrúi tímagjald skv. 2. gr. þessarar gjaldskrár fyrir þá skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar.

5. gr.

Gjaldddagi.

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá skal innheimta við móttöku erindis. Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðal- eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna lóðamála, umfram afgreiðslugjald, skal greiða samhliða skráningu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða samhliða útgáfu leyfisins. Gjald vegna grenndarkynningar skv. 8. gr. þessarar gjaldskrár skal innheimt samhliða byggingarleyfisgjöldum byggingarfulltrúa Kjósarhrepps eftir atvikum.

6. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Afgreiðslugjald	21.790 kr.
Auka yfirferð á breytingu aðalskipulagsuppdráttar	21.790 kr.
Vinna við breytingu á aðalskipulagsuppdraetti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, veruleg breyting	290.100 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, óveruleg breyting	72.964 kr.

7. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

Afgreiðslugjald	21.790 kr.
<i>Nýtt deiliskipulag:</i>	
Vinna við gerð nýs deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikn.
Vinna við gerð nýs deiliskipulags án lýsingar og kynningar, skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með lýsingu	215.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, án lýsingar	138.900 kr.
<i>Verulegar breytingar á deiliskipulagi:</i>	
Vinna við breytingu á deiliskipulagsuppdraetti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	174.799 kr.
<i>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi:</i>	

Vinna við breytingu á deiliskipulagsuppdraetti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með grenndarkynningu fjórir eða færri viðtakendur	58.266 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með grenndarkynningu fimm eða fleiri viðtakendur	78.199 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 án grenndarkynningar	21.790 kr.

8. gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar.

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulag ekki fyrir hendi, fjórir eða færri viðtakendur	32.204 kr.
Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulag ekki fyrir hendi, fimm eða fleiri viðtakendur	54.046 kr.

9. gr.

Kostnaður vegna lóðamála.

Afgreiðslugjald	21.790 kr.
Umsýsla og staðfesting merkjalýsingar skv. lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024	36.000 kr.
Breyting á skráningu í fasteignaskrá Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar	21.790 kr.

10. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald	19.380 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, viðmiðunargjald	98.925 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	38.211 kr.

11. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru óafturkræf þó að leyfi falli úr gildi.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við launavísitölu í janúar 2025, 1.059,4 stig og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni og gilda þau til loka viðkomandi almanaksárs.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur úr gildi núverandi gjaldskrá fyrir skipulags- og byggingarmál í Kjósarhreppi nr. 1065/2020.

Gjaldskrá þessi var kynnt í skipulags-, umhverfis- og samgöngunefnd 30. október 2025, án athugasemda og staðfest af sveitarstjórn Kjósarhrepps 5. nóvember 2025.

Kjósarhreppi, 8. desember 2025.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025